

Tónleikar  
í  
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

I Salonisti



mánudaginn 11. júní kl. 17:00  
mánudaginn 11. júní kl. 21:00  
þriðjudaginn 12. júní kl. 21:00

1990

**Thomas Füri** (1.fiðla). Fæddur í Bern, nam fiðluleik hjá Erich Füri, Max Rostal og Ivan Galamian í New York. Konsertmeistari „Orchestre de Chambre de Lausanne“ og leikur með Sinfóníuhljómsveitinni í Basel. Leiðari „Camerata Bern“ og kennari við tónlistarháskólann í Zürich.

**Lorenz Hasler** (2.fiðla). Fæddur í Zürich. Nam hjá Lorand Fenyves í Toronto og hjá H. -H. Schneeberger í Basel og stundaði tónlistarsögu í Bern. Meðlimur í Sinfóníuhljómsveitinni í Bern og skólastjóri tónlistarskólans í Köniz.

**Ferenc Szedlák** (selló). Fæddur í Budapest. Útskrif-aist frá tónlistarháskólanum í Szeged. Kennir við tónlistarháskólann í Bern og er sellóleikari í sinfóníuhljómsveitinni þar.

**Béla Szedlák** (bassi). Fæddur í Budapest. Lærði við Franz Liszt tónlistarháskólann undir handleiðslu L. Montag og síðar hjá Fritz Hauser í Bern. Kennir í Bern og er meðlimur í Sinfóníuhljómsveitinni þar.

**Werner Giger** (píanó) Fæddur í Solothurn í Sviss. Tónlistarnám við tónlistarháskólann í Bern hjá Susanne Egli og síðar í tónlistarháskólunum í París og Vín. Heldur tónleika víða um heim.

Svissneska kammersveitin I Salonisti er einn þekktasti hópur sinnar tegundar í heiminum og er afar eftirsóttur víða um lönd fyrir afburða flutning á glaðværrí og dillandi tónlist. Um kvartettinn skrifaði hljómsveitarstjórin heimsfrægi Antal Dorati árið 1986: „Það tilökast að gera greinarmun á „alvarlegri“ og „létttri“ tónlist og er þá yfirleitt önnur tekin fram yfir hina. Sé það gert hættir okkur til að gleyma að „alvarleg“ tónlist þarf ekki að vera alvarleg og „létt“ tónlist getur oft verið allþung. Að telja aðra tónlistina æðri hinni er afar óæskileg alhæfing því báðar greinarnar eru jafngamlar tónlistinni sjálvfri, innan beggja greinanna hafa orðið til ódaðleg listaverk og flytjendur beggja þurfa að vera framúrskarandi listamenn. Kvintettinn „I Salonisti“, sem er hópur frábærra hljóðfæraleikara uppfyllir þessar kröfur fullkomnlega.

Tónleikar kvintettsins bera gjarnan yfirskriftir, svo sem „Í kaffihúsi í Vínborg“, „Argentískir tangóar“, „Meistarar kammertónlistarinnar“ og „Ópera og óperu-útsetningar“. Hér í listasafninu munu þeir halda tónleika sem þeir nefna „Austurlandahraðlestina“. Fylgt er leið hinnar frægu lestar sem flutti konunga, aðalsmenn og annað hefðarfólk milli heimsálfu og flutt er tónlist frá þeim löndum sem farið er um. Lagt er upp frá París og meðal annars komið við í Milanó, Vínborg, Budapest og Búkarest. Á þessari ferð leika þeir meðal annars verk eftir Massenet, Debussy, Schrammel, Kreisler, Enescu, Rossini og Nino Rota.